



Fagdeild heilsugæsluhjúkrunarfræðinga

**Aðalfundur Fagdeildar heilsugæsluhjúkrunarfræðinga.
Haldinn miðvikudaginn 6. mars 2019 kl 17:00 í húsnæði Félags íslenskra
hjúkrunarfræðinga að Suðurlandsbraut 22.**

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður fagdeildarinnar, Sólrún Ólína Sigurðardóttir, setti fundinn með því að bjóða fundargesti velkomna og leggja fram tillögur um fundarstjóra, Helgu Sæunni Sveinbjörnsdóttur, og og ritara, Sveinbjörgu S. Ólafsdóttur. Engar aðrar tillögur um fundarstjóra og Helga Sæunn tók við stjórn fundarins.

2. Skýrsla stjórnar

Sólrún Ólína Sigurðardóttir formaður las skýrslu stjórnar og eftir lesturinn opnaði Helga Sæunn umræður um skýrslu stjórnar. Engar athugasemdir komu fram.

3. Skýrsla gjaldkera

Íris Dröfn Björnsdóttir gjaldkeri lagði fram ársreikning og efnahagsreikning fyrir árið 2018 og voru þeir samþykktir af fundarmönnum. Elías Reynarsson endurskoðandi skoðar ársreikninga fagdeildarinnar. Einnig var lagt til að hafa árgjald óbreytt, þ.e. 2.500 krónur og var það samþykkt. Eftirfarandi tillögur að breytingum á starfsreglum sjóðs Fagdeildar heilsugæsluhjúkrunarfræðinga voru samþykktar:

7. liður: Styrkþegar skulu kynna verkefni sín fyrir fagdeildinni innan árs frá styrkveitingu. Kynningin getur verið í formi greinar í fréttabréfinu eða með því að kynna verkefnið á fundum deildarinnar. **Tillögur að breytingum:** Fella niður 7. lið.

8. liður: Umsóknir verða afgreiddar í þeirri röð sem þær berast. Þeir sem hlotið hafa styrk áður lenda aftar í röðinni. **Tillögur að breytingum:** Umsóknir þurfa að berast fyrir 15. nóvember ár hvert. Umsækjandi getur einungis sótt um styrk annað hvert ár.

Ákveðið á fundi að hafa tvo styrki á ári að upphæð 25.000 kr.

4. Stjórnarkjör (fundarstjóri)

Stjórn fagdeildarinnar skal skipuð 5 stjórnarmönnum og 2 varamönnum sem kosnir eru á aðalfundi. Stjórnarmenn og varamenn eru kosnir til tveggja ára í senn. Núverandi stjórn er skipuð eftirfarandi meðlimum:

- Sólrún Ólína Sigurðardóttir formaður, kosinn til tveggja ára árið 2018.
- Anna Guðríður Gunnarsdóttir varaformaður, kosinn til tveggja ára árið 2018.
- Íris Dröfn Björnsdóttir gjaldkeri, kosinn til tveggja ára árið 2018.
- Sveinbjörg Ólafsdóttir ritari, kosinn til tveggja ára árið 2017.
- Þorgerður Einarsdóttir meðstjórnandi, kosinn til tveggja ára árið 2018.
- Áslaug Birna Ólafsdóttir varamaður, kosinn til tveggja ára árið 2018.
- Ingibjörg Steindórsdóttir varamaður, kosinn til tveggja ára árið 2017.

Allir stjórnarmeðlimir gáfu kost á sér áfram. Engin mótframboð bárust og þær því réttkjörnar.

6. Kosning skoðanda reikninga

Elís Reynarsson endurskoðandi gaf kost á sér sem skoðandi reikninga á næsta aðalfundi. Enginn annar gaf kost á sér og er hann því réttkjörinn.

- Aðrir stjórnarmeðlimir skipta með sér verkum á fyrsta fundi stjórnarinnar.

7. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundarstjóri bar upp þá tillögu að fundarritari og fundarstjóra verður falið að ganga frá fundargerðinni. Engar athugasemdir bárust við því og munu þær ganga frá fundargerðinni og birta hana á facebook síðu deildarinnar og á hjukrun.is.

Sólrún Ólína kynnti fræðsluerindi aðalfundar en Hildur Þórarinsdóttir öldrunarsérfræðingur flutti erindi um áfengis- og lyfjamisnotkun eldri borgara. Fræðsluerindið var afar áhugavert og sköpuðust líflegar og fræðandi umræður í lok fræðsluerindisins.

Formaður fagdeildarinnar Sólrún Ólína sleit fundinum.

Skýrsla stjórnar Fagdeildar heilsugæsluhjúkrunarfræðinga fyrir starfsárið mars 2018 – mars 2019

Félagafjöldi

Félagar í fagdeildinni eru 187.

Stjórn fagdeildarinnar á starfsárinu 2018/2019

Sólrun Ólína Sigurðardóttir, formaður.

Anna Guðríður Gunnarsdóttir, varaformaður.

Íris Dröfn Björnsdóttir, gjaldkeri.

Sveinbjörg Ólafsdóttir, ritari.

Þorgerður Einarsdóttir, meðstjórnandi.

Áslaug Birna Ólafsdóttir, varamaður.

Ingibjörg Steindórsdóttir, varamaður.

Félagsgjald

Félagsgjald verður óbreytt, 2.500 kr. Greiðsluseðlar eru sendir í heimabanka (ekki á pappíriformi).

Stjórnarfundir

6 fundir hafa verið haldnir á starfsárinu. Einnig hefur mikill fjöldi rafrænna samskipta átt sér stað á milli stjórnarmeðlima.

Facebook-síða fagdeildarinnar

www.facebook.com/fagdeild

Tilkynningar og fréttir eru settar inn á facebook síðu fagdeildarinnar. Allir sem hafa áhuga á heilsugæsluhjúkrun geta gerst vinir fagdeildarinnar og fagnar stjórnin gagnlegum umræðum á síðunni. Vinir fagdeildarinnar eru í dag 550 talsins. Fagdeildin vill vera upplýsandi fyrir félagsmenn og hefur það að markmiði hafa síðuna lifandi og upplýsandi um málefni heilsugæslu.

Heimasíða Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Á heimasíðu Fíh á fagdeildin svæði. Þar koma fram ýmsar upplýsingar um fagdeildina.

Fréttamolar

Fréttamolar eru sendir í netpósti til félagsmanna og birtir á facebook-síðu fagdeildarinnar um þau málefni sem efst eru á baugi hverju sinni. Slíkir fréttamolar voru t.d. sendir til félagsmanna þegar þeim var boðið að sækja sameiginlegt fræðslukvöld fagdeilda heilsugæsluhjúkrunarfræðinga og bráðahjúkrunarfræðinga. Aðalfundur fagdeildarinnar var einnig auglýstur með þessum hætti.

Fræðsla fyrir félagsmenn

Fagdeildin stóð fyrir jólafundi þann 22. nóvember 2018 í Múlabæ, dagbjálfun aldraðra og öryrkja, Síðumúla 32, 108 Reykjavík. Mættir voru rúmlega 40 manns. Fundarstjóri var Sólrún Ólína Sigurðardóttir formaður fagdeildar heilsugæsluhjúkrunarfræðinga.

Dagskrá jólafundarins var eftirfarandi:

Kynning á starfsemi Múlabæjar og Hlíðabæjar. Fyrirlesari Þórunn Bjarney Garðarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og forstöðumaður Múlabæjar og Hlíðabæjar.

Leit að týndum ungmennum á höfuðborgarsvæðinu - samvinna lögreglu og heilsugæsluhjúkrunarfræðinga. Fyrirlesari Guðmundur Fylkisson, lögregluþjónn.

Bólufreðinn og sultuslakur. Fyrirlesari Guðrún Dóra Bjarnadóttir, geðlæknir.

Fagdeildin bauð upp á léttvín og veglegar veitingar í formi smárétta sem pantaðir voru frá Soho veitingum í Reykjanesbæ. Allir fundargestir snæddu af bestu lyst. Dagskráin var vel heppnuð í alla staði, miklar umræður sköpuðust og almenn ánægja ríkti hjá þeim sem mættu. Rúmlega fimmtíu hjúkrunarfræðingar höfðu boðað þátttöku sína en rúmlega 40 mættu.

Styrkir

Stjórn fagdeildarinnar starfrækir styrktarsjóð sem er ætlað að veita styrki til endurmenntunar félagsmanna. Starfsreglur styrktarsjóðs er hægt að finna á svæði fagdeildarinnar á heimasíðu Fíh. Fjöldi styrkja á hverju starfsári er ákveðinn m.t.t. fjárhags fagdeildarinnar. Á þessu starfsári voru 3 styrkir í boði, að upphæð 50.000 kr. hver. Formaður styrktarsjóðs fagdeildarinnar er Anna Guðríður Gunnarsdóttir. Einn styrkur var veittur á þessu starfsári, til Guðbjargar Huldu Einarsdóttur hjúkrunarfræðings.

Fundir fagsviðs og formanna fagdeilda Fíh

Tveir fundir fagsviðs og formanna fagdeilda Fíh voru haldnir á þessu starfsári. Boðað var til fyrri fundarins í október 2018 af Aðalbjörgu Finnbogadóttur sviðstjóra fagsviðs Fíh og til seinni fundar í febrúar 2019 af Eddu Dröfn Daníelsdóttur en hún tók við af Aðalbjörgu nú í vetur. Fíh veitir 300.000 kr. styrk árlega til hvernar fagdeildar (sjá nánar á hjukrun.is).

Norrænt samstarf

Fagdeildin tekur þátt í norrænu samstarfi hjúkrunarfræðinga sem vinna með börn og unglinga (NoSB). Íris Dröfn Björnsdóttir er fulltrúi Fagdeildar heilsugæsluhjúkrunarfræðinga í NoSB. NoSB fundurinn var haldinn í Borås í Svíþjóð 14.-15. september. Þar hittust 12 hjúkrunarfræðingar frá öllum Norðurlöndunum. Í Borås fengu gestir m.a. áhugaverða kynningu á notkun á myndrænu efni sem á að auðvelda tjáskipti milli fagfólks og skjólstaðinga með annað tungumál. Margt líkt er í starfsemi landanna og án efa gagnlegt fyrir íslenska hjúkrunarfræðinga að eiga í samskiptum við frændþjóðir okkar. Finnar eru aftur orðnir þátttakendur í þessu samstarfi og allir fyrirlestrar fara nú fram á ensku. Með því er gætt meira jafnræðis milli allra þátttakenda.

Ályktun til Embættis landlæknis

Í byrjun júní 2018 sendi Fagdeild heilsugæsluhjúkrunarfræðinga eftirfarandi ábendingu til Embættis landlæknis:

Stjórn Fagdeildar heilsugæsluhjúkrunarfræðinga vill koma með eftirfarandi ábendingu til embættisins. Nýlega gaf embættið út ráðleggingar vegna ferða Íslendinga á heimsmeistaramótið í fótbolta í Rússlandi 2018. Fyrirvarinn var afar stuttur og erfitt fyrir starfsfólk heilsugæslu að bregðast við, þar sem skortur er á bóluefni í landinu og mannekla víða t.d. vegna sumarfría. Skjólstæðingar eru áhyggjufullir þar sem þeir eru mögulega ekki að fá þær bólusetningar sem mælt er til að þeir fái. Gott hefði verið að taka samtalið við starfsfólkið fyrir nokkrum mánuðum þannig að hægt hefði verið að undirbúa þessa fjöldabólusetningu nægilega vel og ná þannig að fylgja eftir tilmælum Embættis landlæknis.

Styrkur frá Velferðarráðuneytinu - myndbandagerð

Á starfsárinu 2017-2018 lét fagdeildin framleiða tvö myndbönd um störf hjúkrunarfræðinga í heilsugæslu. Þau voru framleitt með styrk frá Velferðarráðuneytinu. Annað myndbandið fjallar um hjúkrun hjúkrunarfræðinga í heimahjúkrun og hitt myndbandið um hjúkrunarmóttökur í heilsugæslu. Myndböndin voru frumsýnd á aðalfundi fagdeildarinnar þann 20. mars 2018. Til stendur að framleiða amk. eitt myndband í viðbót um þá fjölbreyttu þjónustu sem hjúkrunarfræðingar veita í heilsugæslu.

Innlent samstarf

Fagdeildin fór til Egilsstaða 26. apríl – 27. apríl 2018 með það að markmiði að kynna störf fagdeildarinnar og efla tengsl við hjúkrunarfræðinga landsbyggðarinnar. Ferðin var mjög ánægjuleg og upplýsandi fyrir stjórnarmeðlimi. Nína Hrönn Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar á Heilbrigðisstofnun Austurlands tók á móti okkur á Sjúkrahúsinu á Egilsstöðum þar sem hún kynnti fyrir okkur fjölbreytt störf hjúkrunarfræðinga á stofnunni ásamt því að sýna okkur aðstæður. Í kjölfarið var spjallað um ýmislegt sem viðkemur fjölbreyttum verkefnum hjúkrunarfræðinga. Næst var ferðinni heitið í Fjarðarbyggð þar sem við hittum Guðrúnu Pétursdóttur deildarstjóra og samstarfsmenn hennar í heilsugæslunni á Reyðarfirði. Það var afar ánægjulegt að kynnast og fræðast um aðbúnað og störf hjúkrunarfræðinga á HSA. Það vekur athygli hversu þjónustusvæði þeirra er víðfemt og hvaða áskoranir fylgja því. Á báðum stöðum kynnti stjórn fagdeildar starf fagdeildarinnar ásamt því að kynna myndböndin tvö um störf hjúkrunarfræðinga í heilsugæslu. Myndböndin vöktu athygli og var ánægjulegt að heyra álit hjúkrunarfræðinganna á þeim. Meðlimir fagdeildarinnar áttu ánægjulegar stundir á Austfjörðum og ljóst er að mikið og gott starf er unnið þar af frábærum hjúkrunarfræðingum HSA.

Fundur með Sóleyju Bender vegna vinnslu á reglugerð vegna ávísunar hormónagetnaðarvarna

Sólrún Ólína, formaður fagdeildarinnar, sat fund með Sóleyju Bender ásamt hópi hjúkrunarfræðinga með ólíkan starfsvettvang. Þar voru skoðaðir ýmsir þættir varðandi ávísanir á hormónagetnaðarvörnum, m.a. hverjir eigi að geta ávísað lyfjunum mtt. menntunar og starfsreynslu ásamt því hvernig staðið skuli að námskeiði til að fá réttindi til ávísunar lyfjanna. Miklar umræður sköpuðust og mun Sóley vinna úr þeim.

100 ára afmæli Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga 2019

Í tilefni 100 ára afmælis Fíh verða á komandi starfsári veittir tveir 100.000 kr. styrkir til framkvæmda á verkefnum tengdum afmælishátíðinni. Fíh mun vera með sýningu í Árbæjarsafni sem unnin verður í samstarfi við Önnu Þorbjörgu Þorgrímsdóttur sagnfræðing. Opnun sýningarinnar er fyrirhuguð 19. júní n.k. og mun hún standa fram á haust. Sérstakur fjölskyldudagur verður 15. ágúst. Fagdeildir eru hvattar til að vera með viðburði. Stjórn Fagdeildar heilsugæsluhjúkrunarfræðinga er þegar komin með nokkrar hugmyndir að skemmtilegum kynningum á störfum heilsugæsluhjúkrunarfræðinga.

Skýrsla gjaldkera

Fagdeild heilsugæsluhjúkrunarfræðinga í Fíh			
Rekstrarreikningur frá 1. 1. 2018 - 31. 12. 2018			
	2018	2017	2016
<u>Tekjur:</u>			
Félagsgjöld 112 x 2500.-	330000	297500	280000
Styrkir frá Fíh	300000	200000	199518
Vextir	322	3188	11666
Styrkur frá Velferðaráðuneyti 2016	0	0	500.000
Fræðslufundur inng.eyrir	6000		
Fagdeild sykursjúkra 1/2 af gjöf-fræðsla	0	3.775	0
Jólafundur_afgangur	27000		
Samtals:	663322	504.463	991.184
<u>Gjöld:</u>			
Stjórnarfundir	56.788	67.170	58.560
Fræðslukvöld	30.000	22.550	7.780
Aðalfundur	11.157	19.098	41.420
Erlent samstarf	104.643	182.278	101.910
Jólafundur	215.802		
Innlent samstarf	294.342	147.284	195.575
Kynningarmyndband Ástvaldur	272.800		
Styrkir	50.000	46.900	50.000
Bensínstyrkir	79.999	0	66.335
Skrifstofuvörur	2.837		
Þjónustu- og innheimtugjöld	18889	17.711	18.011
Fjármagnstekjuskattur	70	637	2.333
Samtals:	1.137.327	503.628	541.924
Tekjur umfram gjöld	(474.005)	835	449.260

Fagdeild heilsugæsluhjúkrunarfræðinga í Fíh							
Efnahagsreikningur 1. 1. 2018 - 31. 12. 2018							
	2018	2017	2016				
Eignir							
Bankareikningur 0313-26-001859	387.723	861.728	860.893				
Samtals:	387.723	861.728	860.893				
Skuldir							
Eigið fé frá fyrra ári	861.728	860.893	411.633				
Rekstrarhagnaður/-halli	-474005	835	449.260				
Samtals:	387.723	861.728	860.893				
Keflavík, 6. febrúar 2019							
Íris Dröfn Björnsdóttir, gjaldkeri							
Skoðandi reikninga fagdeildar heilsugæsluhjúkrunarfræðinga í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur yfirfarið og skoðað reikninga og fylgiskjöl deildarinnar. Skoðandi staðfestir með undirskrift sinni að reikningar séu færðir samkvæmt venjum þar um og að rekstrar- og efnahagsreikningar séu réttir.							
Elís Reynarsson							

Sveinbjörg S. Ólafsdóttir ritari